



Flot sauna í Kópavogshöfn

Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

One: 2409425


Dags. 05.09.2024

Minnisblað

Þann 3. september 2024 barst skipulagsdeild fyrirspurn með ósk um leyfi til að koma fyrir flot saunu í Kópavogshöfn.

Staðurinn sem lagður er til er við endann á flotbryggju við norðurkantinn. Stærð flotprammans er líklega á bilinu 20-30 fm en ekki stærri en 40fm.

Saunan væri opin almenningi gegn gjaldi og væri aðgangsstýrð með smáforriti.



Mynd 1 Hugmynd að staðsetningu prammans. Vindrós



Mynd 2 Sambærilegar sauna prammar í Noregi


Skipulagsleg staða hafnarinnar í Aðalskipulagi Kópavogs.

Skilgreining landnotkunar: Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir. (gr. 6.2.o) í Skipulagsreglugerð Hafnir (H)).

Hafnarsvæðið í Kársnesi hefur tekið breytingum, hafskipahöfn hefur verið breytt í geðprýðishöfn. Hafnarsvæðið er þróunarsvæði fyrir blandaða notkun fyrir íbúðir og atvinnustarfsemi.

Í aðalskipulagi hafnarinnar kemur fram að markmiðið sé að glæða hafnarsvæðið nýju lífi og þróa starfsemi hafnarinnar í líflega útivistarhöfn fyrir báta og skip sem höfnin ber. Leiðir að markmiðum er að grófari starfsemi sé víkjandi og horft sé til sjálfbærni byggðarinnar.

Ekki er fjallað um flot gufu/saunu í aðalskipulagi enda er slík starfsemi ný af nálinni hér á landi, en starfsemin myndi falla vel að markmiðum aðalskipulags um atvinnustarfsemi í líflegri geðprýðishöfn.



Mynd 3 Landnotkun aðalskipulags Kópavogsbæjar

Veðurfar

